

22

9. jan.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 15. gr. laganna bætist:

Heimilt skal þó stjórn Kreppulánasjóðs, með samþykki landbúnaðarráðherra, að verja allt að 250000 kr. af reiðufé sjóðsins til greiðslu hluta af þeim kröfum, sem lánsstofnanir eða einstakir menn eignast á ábyrgðarmenn lántakenda úr Kreppulánasjóði, vegna þess að kröfurnar fást ekki greiddar að fullu úr sjóðnum, gegn því, að ábyrgðarkröfurnar séu látnar niður falla.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og ná ákvæði þeirra jafnt til þeirra krafna, sem til eru orðnar fyrir gildistöku laganna, og þeirra, er síðar kunna að verða til.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 9. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.